

Mott. 12/1 1963

STARFSSKÝRSLA ÁGÚSTS ÁRNASONAR

HJÁ

SKÓGRÆKT RÍKISINS

ÁRIÐ 1962

Frá áramótum fram til vors starfaði ég á skrifstofu Skógræktar ríkisins í Reykjavík.

Þann 12. maí hætti ég störfum á skrifstotunni og fór til sumardvalar í Hvamm í Skorradal. Í Hvammi dvaldi ég fram til 20. sept. og stjórnaði framkvæmdum Skógræktarinnar í Skorradal og Botnsdal. Er til Reykjavíkur kom hóf ég aftur störf á skrifstofu Skógræktarinnar þar.

Hér fylgir greinagerð yfir helzu framkvæmdir, sem ég hafði umsjón með og aðrar upplýsingar samkvæmt ósk skógræktarstjóra í umburðarbréfi frá 16/4. 1962.

1. Veðurfar og fleira.

Veturinn var frostharður með köflum en fremur snjó-léttur. Ekki voru neinar frostskemdir að sjá á barrplöntum en þó var lyng óvenju mikið kalið. Mjög athyglisvert var að sjá grænar greniplönturnar standa upp úr dauðu lynginu. Næturfrost voru all mikil í vor fram til maí loka en ekki var hægt að merkja neinar skemdir á plöntum í gróðursetningum þeirra vegna.

Þegar ég kom upp í Skorradal 12. maí var skógurinn að byrja að lifna og sérstaklega lerkid Héðola sem er næst bænum í Hvammi orðið all vel laufgað. Síðan fór gróðri lítið fram allt til mánaðarmóta en þá endaði kuldakafli með töluverðu næturfrosti en eftir það tók að hlýna. Skógurinn í Hvammi varð allaufgaður síðustu dagana í maí en ekki fyrr en um 4. júní á Stálpastöðum.

Við gróðursetningarástörf fannst klaki í jörð á nokkrum stöðum í Stálpastabahlíðinni fram í aðra viku júní.

Sumarið var fremur svalt og rakt, þó var lítið um stórrigningar framan af sumri. Sólríkir dagar voru mjög fáir á sumrinu. Veðurfar einkenndist af norðan golu með skýjuðu lofti og smá skúrum.

Fyrsta frostnóttin sem ég varð var við á haustinu var 7. sept. Eftir þetta frost sá hvorki á kartöflugrasi né plöntum, en frostbragð kom af berjum. Ég verð ekki var við neinar skemmdir af völdum haustfrosta.

Skordýr og sjúkdómar:

Maðkur og lús voru með minnsta móti á birkinu í sumar og lítið varð ég var við grenilús. Þegar kom fram á sumarið virtist furulúsin vera að breiða sig all ört út bæði á skógarfuru og stafafuru. Um 6. ágúst varð ég var við all mikið af fleygri fyrulús. Væri vel athugandi að haga sprautun þannig að hún væri framkvæmd fyrir eða í byrjun flugtíma lúsarinnar, til heftingar á útbreiðslu hennar. Í september var sprautuð með Thiodan skógarfurugróðursetning frá 1954. Athyglisvert var að þær furuplöntur sem sprautaðar voru með Thiodan 1961 voru að mestu lúsalausar í sumar.

Mælingar á plöntum:

Mældur var vöxtur og hæð plantna í nokkrum af eldri gróðursetningum á Stálpastöðum í sumar. Mælimin var gerð í júlí og er sýnd í meðfylgjandi töflu.

Tegund	Kvæmi	1)	2)	3)	4)	5)
Sitkagreni	P.Pakenh.	1954	105	17	16	150
Sitkagr.	Pigot B.	1952	111	14	16	180
Sitkagr.	P.Pakenh.	1952	115	19	14	188
Blágreni	Hall.	1952	106	18	13	151
Hvítgreni	Kenai	1952	80	14	12	136
Rauðgreni	Rana	1952	112	18	15	162
Stafafura	Skagway	1954	109			154
Skógarfura	Troms	1953	109	14	13	147
Lerki	Heinola	1954	207	40	31	275
Lerki	Arkang.	1952	174	30	26	300

Skýring á tölusettum dálkum:

- 1) Gróðursett ár
- 2) Meðalhæð 1962 cm
- 3) Meðal árssproti 1961
- 4) Meðal árssproti 1960
- 5) Hæsta planta mæld 1962

2. Starfsmannahald.

Yfir allan starfstíman voru ráðnir þrír verkamenn og ráðskona. Allt þetta fólk hefur áður unnið hjá Skógrækt ríkisins. Baldur Skarphéðinsson hefur unnið þeirra lengst því hann hefur unnið við gróðursetningu á Stálpastöðum á hverju ári síðan framkvæmdir við skógrækt hófust þar. Í sumar gróðursetti hann um 25.000 plöntur og hefur hann á undanförnum árum gróðursett samtals fleiri skógarplöntur, að ég held, en nokkur annar íslendingur hingað til. Auk hins fasta starfsliðs voru tveir menn ráðnir til viðbótar í vorgróðursetningu í stuttan tíma.

Launagreiðslur einstaka mánuði voru sem hér segir:

Maí	kr.	13.400.14
Júní	-	35.128.83
júlí	-	19.287.28
Ágúst	-	23.458.34
Sept.	-	<u>10.267.77</u>
Samtals	-	101.542.36

Um mánaðarmótin júlí og ágúst fengu starfsmenn summarfrí í rúmma viku.

Launagreiðslur vegna einstakra starfa og framkvæmda voru sem hér segir:

Grisjun Stálpastöðum	kr.	15.204.86
Gróðursetning Stálpastöðum	-	28.171.35
Grisjun frá barrpl. Stálpast.	-	6.805.04
Söfnun á lúpínufræi	-	231.08
Skurðir Stálpastöðum	-	437.28
Girðing Stálpastöðum	-	441.40
Smölun Stálpastöðum	-	105.20
Sáning Stálpastöðum	-	570.08
Áburður Stálpastöðum	-	1.935.04
Merking reita Stálpastöðum	-	172.68
Girðing Hvammi	-	4.367.86
Grisjun Hvammi	-	3.302.16
Gróðursetning Hvammi, jólatré.	-	3.847.50
Viðhald húsa Hvammi	-	2.343.64
Saga eldivið Hvammi	-	484.72
Bragginn frá H. Th.	-	1.344.00
Grisjun frá barrpl. H. Th.	-	623.88
Grisjun Stóra-Botni	-	4.522.76
Gróðursetning Stóra-Botni	-	6.732.74
Girðing Stóra-Botni	-	263.00
Grisjun Háfellssreit	-	321.20
Ráðskonustörf	-	<u>19.314.89</u>
Samtals	-	101.542.36

3. Girðingar.

Engar nýjar girðingar voru gerðar á árinu, en unnið var að viðgerðum á eldri girðingum eftir þörfum. Renglur voru settar í Hvammsgirðinguna við Vatnsenda-landamörk, en þar höfðu engar renglur verið settar er girðingin var gerð árið 1958.

4. Skógarhögg og grisjun.

Grisjun fyrir gróðursetningu:

Á Stálpastöðum var að mestu lokið að grisja allt það sem eftir var af ógrisjuðu kjarri, fyrir ofan og utan bæinn. Grisjað var þar um 15 ha svæði, sem þó var ekki allt vaxið samfelldu kjarri.

Í Hvammi var grisjað rúmmlega 1,5 ha fyrir jólatre-gróðursetningu. Úr þessari grisjun var hirt smávegis af lurkum til eldiviðar í Hvammi.

Í Stóra-Botni voru grisjaðir 3 ha fyrir gróður-setningunni þar.

Grisjun Frá Barrplöntum:

Á Stálpastöðum var grisjað frá barrplöntum í eldri gróðursetningum. Aðallega var grisjað á svæðinu fyrir neðan línu II fyrir innan bæ. Þarna er mest kræklótt kjarr og ekkert féll til af efnivið né eldivið.

Í Hvammi var grisjað frá barrplöntum í eldri gróður-setningunum.

5. Gróðrarstöð.

Þar sem engin gróðrastöð er í Skorradal þykir mér hlýða að geta hér nokkuð um þá sáningu sem var framkvæmd á Stálpastöðum í vor. Í reit 2. 11. 2 þar sem sitkagrenið frá Cordova var gróðursett síðastliðið haust var nú sáð 320 gr af lerkrifræi frá Arkangelsk í um 0.8 ha. Þrír menn unnu verkið. Tveir gengu á undar og rispuðuð upp mosan með hökum þar sem funndust dauðar greniplöntur. Þriðji maðurinn kom á eftir og sáði fræinu og stappaði því niður í flagið. Þetta var gert 4. júní.. Plönturnar komu vel upp í sumar og voru fallegar í haust. Sama dag og lerkinu var sáð var einnig sáð 3.7 kg af elrifræi frá Mjölvík. Því var blandað saman við slatta af reyniberjum og var þessu sáð víðsvegar um Stálpastöðahlíðina, helzt jaðra á gróðurlitlum blettum. Í sumar sá ég ekki

árangur af þessari sáningu, enda lítil von til, því sániningin var mjög dreifð um hlíðina og plöntur af þessum tegundum mjög smáar á fyrsta ári. Í sumar var ennfremur sáð svolitlu ag lúpínufræi frá Chile. Fræ þetta var af gulri lúpínu og var sáð fyrir neðan Svartaklett á Stálpastöðum. Plönturnar komu vel upp en blómstruðu ekki.

6. Gróðursetning. 1962

Samtals gróðursettum við 90.700 plöntur í sumar og voru allar plöntur gróðursettar með bjúgskóflum. Áburður var ekki borinn að plöntum við gróðursetningu að undanskildum nokkrum plöntum af víði og cornus frá Alaska, sem gróðursett var við Svartaklett. Hér fer á eftir tafla er sýnir helztu upplýsingar um gróðursetningu frá sumrinu:

Tegund	Kvæmi	Aldur	Tala	Reitnr.	Plantað dag.
--------	-------	-------	------	---------	--------------

Stálpostaðir:

Sitkagreni	Cordova	2/3	1.000	3.9.1	19/6.
Sitkagreni	Seward	2/3	13.825	1.9.1	21-25/6
Sitkagreni	Seward	2/3	10.575	1.10.1	15-21/6
Sitkagreni	Seward	2/2	4.150	3.5.1	25-28/6
Bergfura	Austurr.	3/0	5.000	1.10.2	4-5/9
Bergfura	Pyr.	3/0	8.550	3.11.1	1-7/6
Bergfura	Pyr.	3/0	7.150	3.11.2	30/5-1/6
Bergfura	Pyr.	3/0	2.650	2.11.1	29-30/5
Bergfura	Pyr.	3/0	1.650	1.11.1	28-29/5
Rauðgreni	N-Helgel.	2/3	550	3.11.2	8/6
Rauðgreni	N-Helgel.	2/3	5.900	1.10.2	8-12/6
Rauðgreni	N-Helgel.	2/3	3.175	3.5.1	28-29/6
Kínagreni	Umaltainski	2/3	100	1.11.11	28/6
Kínagreni	Umaltainski	2/3	900	1.11.6	28/6
Rauðgreni	N-Helgeland	2/3	475	1.11.1	8/6
Rauðgreni	N-Helgeland	2/3	50	2.9.1	12/6
<i>65.760</i>					

Hvammur:

Rauðgreni	Snåsa	2/3	10.000	19-21/6
-----------	-------	-----	--------	---------

Stóri-Botn

Sitkagreni	Seward	2/2-3	11.000	15-20/8
Lerki	Graubünden	3/0	1.000	15/8
Bergfura	Austurr.	3/0	1.000	16-17/8
Stafafura	Skagway	3/0	1.000	16-17/8.
Fjallaþinur	Sapinero	3½	1.000	15/8

15.500

Eldri gróðursetningar:

Eldri gróðursetningar líta yfirleitt vel út á Stálpastöðum að undanskyldum gróðursetningum af sitkagreni frá Cordova frá undanförnum árum. Sérstaklega lítur illa út haustgróðursetning frá 1961. Vorgróðursetning frá sama ári með sömu tegund lítur aftur vel út. Hvað veldur dauða í haustgróðursetningunni veit ég ekki um. Á sumrinu var tölverðu áorkað með grisjun frá eldri barrplöntum en í því starfi er mikið verkefni framundan á næstu árum.

Áburður á eldri gróðursetningar:

Keyptir voru 8 pokar af Kjarna, 2 pokar af fosfósíruáburði og 1 af kalí. Þessu magni var blandað saman og borið á ýmsar eldri gróðursetningar. Þetta var gert í byrjun júlí og ekki sást neinn munur á árssprotum á þeim plöntum sem borið var á í summar. Hinsvegar voru árssprotar greinilega lengri en vanalega þar sem borið var á í fyrra. Áburðargjöfin er færð á sérstaka spjaldskrá og sé ég ekki ástæðu til að geta hennar nánar hér.

7. Vegagerð.

Engir vegir voru lagðir á kostnað Skógræktar ríkisins, en Vegagerð ríkisins lengdi veginn inn Stálpastaðahlíðina og lagði nýjan veg inn fyrir túnið á Stálpastöðum. Á þessum nýja vegarkafla var ekkert farið yfir gróðursett land, en ekki verður komist hjá því á næsta ári er vegurinn verður lengdur að fara tölvert yfir gróðursetningu í Halldórlundi og innar í Stálpastaðahlíðinni.

8. Byggingar og viðhald húsa.

Viðhald húsa í Hvammi varð nokkuð meira en ég hafði gert ráð fyrir. Aðalorsök þess var sú að skolpleiðsla bilabi í íbúðarhúsínu svo brjóta varð upp steingólf í eldhúsi og klósetti

Á sumrinu voru málaðir gaflar á útihúsum í Hvammi og þak íbúðarhúsins. Gluggar í íbúðarhúsinu vorumálaðir að innan, enn fremur eldhús borðstofa og stofur.

Bátaskýli Hauks Thors sem stóð niður við Vatn skemmdist nokkuð í veturni í vatnagangi. Haukur gaf Skógrækt ríkisins bragga þennan og var hann rifinn og er nú geymdur inni í hlöðu í Hvammi.

Reykjavík 13. jan. 1963

Hjalti Þorláksson